STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2001

26. október 2001 2519 Nr. 817

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9004	Spergilkál	29.10.01 – 15.03.02	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. október 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

15. október 2001 Nr. 818

REGLUR

um breytingu á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Við reglurnar bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

a. Með óskertu tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi, skv. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, á því ári er sameiningin tekur gildi.